

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 115/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðna Geir Helgasyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. febrúar 1994. Krefst ákærvaldið staðfestingar á refsíákvörðun héraðsdómara.

Ákærði var dæmdur 5. febrúar 1991 í 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundið í 3 ár, fyrir fjársvik og skjalafals. Með dómi 4. apríl sama ár var hann dæmdur fyrir skjalafals í 4 mánaða fangelsi, einnig skilorðsbundið í 3 ár. Voru brot þau, sem fjallað er um í dóminum 4. apríl, framin fyrir uppsögu fyrra dómsins, og hefði því átt að dæma ákærða hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir þau brot. Endurrit síðara dómsins ber með sér, að dómaranum var ókunnugt um fyrra dóminn, og var hann ekki tekinn upp. Var þessi háttur á málarekstri gegn ákærða andstæður hagsmunum hans.

Við þingfestingu 13. janúar 1994 á máli samkvæmt ákæru 4. sama mánaðar telst ákærði hafa rofið skilorð beggja framangreindra dóma. Breytir hér engu, þótt ákærði hafi fyrst komið fyrir dóm í máli þessu 11. næsta mánaðar, enda voru gerðar lögboðnar ráðstafanir til að fá ákærða fyrir dóminn og málinu fram haldið með eðlilegum hætti. Ber nú samkvæmt 77. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 og 2. gr. laga nr. 20/1981, að taka upp skilorðsdóminn frá 4. apríl 1991 og hinn skilorðsbundna hluta dómsins frá 5. febrúar sama ár og dæma um brot ákærða í einu lagi. Með hliðsjón af framansögðu og kröfugerð ákærvalds verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðni Geir Helgason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 11. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-4/1994: Ákæruvaldið gegn Guðna Geir Helgasyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað á hendur Guðna Geir Helgasyni, fæddum 12. október 1951, með tveimur ákæruskjölum. Fyrra ákæruskjalið er dagsett 4. janúar og þar er ákært „fyrir þjófnað með því að hafa sunnudaginn 3. október 1993 stolið farsíma úr bifreiðinni BU-483 á bifreiðastæði við Hverfisgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Síðara ákæruskjalið er dagsett 20. janúar 1994, og þar er ákært „fyrir þjófnað með því að hafa fimmtudaginn 9. desember 1993 stolið hangikjöti og sælgæti, samtals að verðmæti kr. 11.918, í versluninni Nóatúni við Hlemmtorg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði heldur ekki uppi vörnum.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi þá að hafa framið háttsemi þá, sem ákært er út af.

Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg og viðurkennt fyrir lögreglu að hafa framið þessa háttsemi.

Dómurinn telur samkvæmt þessu sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í báðum ákæruskjölum, og eru brot ákærða þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur frá árinu 1976 hlotið 6 refsíðoma fyrir umferðar- og áfengislagabrot og fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr., sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga, og fyrir skjalafals og fjársvik. Þá hefur ákærði frá árinu 1976 gengist undir 12 dómsáttir fyrir umferðar- og áfengislagabrot, brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga og fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Hinn 5. febrúar 1991 hlaut ákærði 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundið í 3 ár, fyrir fjársvik og skjalafals. Ákærði hlaut hinn 4. apríl 1991 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir skjalafals.

Réttarrannsókn út af brotum þeim, sem nú er ákært út af, hófst ekki fyrr en að loknum skilorðstíma dómsins frá 5. febrúar 1991 og kemur því ekki til álita að dæma upp skilorðsbundna hluta þess dóms.

Brot þau, sem ákærði er nú ákærður út af og sakfelldur fyrir, eru framin á skilorðstíma dómsins frá 4. apríl 1991 og hefur ákærði með brotum sínum nú rofið skilorð þess dóms og er dómurinn því tekinn upp og dæmdur með í máli þessu, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga og með vísan til sakaferils ákærða þykir refsing hans nú hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðni Geir Helgason, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
